

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 3. apríl 2025

Mál nr. S-480/2024:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi

(Rósamunda Jóna Baldursdóttir fulltrúi)

gegn

X

(Björn Jóhannesson lögmaður)

Dómur

I.

Mál þetta var höfðað með útgáfu ákæru útgefni 10. september 2024 á hendur X

fyrir skjalafals

með því að hafa, mánudaginn 29. janúar 2018, afhent Vinnueftirlitinu skriflega tilkynningu til skráningar um eigendaskipti vinnuvélarinnar [...], með falsaðri undirritun Y, og þannig notað hið falsaða skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum.

Í ákæru er brot ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í ákæru var höfð uppi svofelld einkaréttarkrafa:

Af hálfu Y, er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða honum bætur að fjárhæð kr. 29.296.471, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af kr. 29.296.471 frá 23. nóvember 2020 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að álitum dómsins. Til vara er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða honum bætur að fjárhæð kr. 16.108.785, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af kr. 9.424.000 frá 29. febrúar 2018 til 30. desember 2020 og af kr. 16.198.785 frá þeim degi þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að álitum dómsins.

Málið var þingfest hinn 24. október 2024.

Með úrskurði þann sama dag var einkaréttarkröfu Y vísað frá dómi og kemur því ekki til úrlausnar í máli þessu.

Ákærði neitar sök.

Aðalmeðferð fór fram 7. febrúar 2025 og var málið dómtekið að henni lokinni. Að beiðni dómara var málið endurflutt þann 28. mars sama ár og dómtekið að nýju.

Af hálfu ákæruvalds eru gerðar sömu kröfur og að framan greinir. Ákærði krefst sýknu af kröfum ákæruvalds. Þá gerir ákærði kröfu um að allur sakarkostnaður málsins verði lagður á ríkissjóð, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun verjanda ákærða, allt eftir mati dómsins eða með hliðsjón af framlagðri tímaskýrslu. Verði ákærði sakfelldur afsalar verjandi sér rétti til málsvarnarlauna.

II.

Upphaf málsins er að rekja til kæru af hálfu A til lögreglu á hendur ákærða fyrir skjalafals. Var tilefni kærunnar að beltagrafa af gerðinni Hyundai Rolex 360 (skr.nr. [...]) hefði verið skráð á kæranda með tilkynningu um eigendaskipti til Vinnueftirlits ríkisins sem móttekin hafi verið af stofnuninni 29. janúar 2018. Taldi kærandi engin kaup félagsins á vélinni hafi orðið eða sem hluti af viðskiptum öðrum. Taldi kærandi grun um að skjal hefði verið falsað og að innheimtir hefðu verið hjá kæranda tilhæfulausir reikningar. Nafn Y væri ranglega stafsett og kennitala þess sem skjalið bæri með sér að hafa verið vottað af kaupanda væri röng. Ekki yrði annað séð en að undirritun fyrir hönd kæranda hafi verið fölsuð í þeim tilgangi að blekkja og villa fyrir um í lögskiptum.

Lögreglustjóri tók málið til rannsóknar. Þann 2. júlí 2018 gaf Y skýrslu hjá lögreglu. Bar hann að ákærði hefði fengið í gegn eigendaskipti á vinnuvél með því að hafa falsað undirskrift, en honum þætti líklegt að [...] ákærða hefði skrifað nafn sitt enda hefði hann borið saman undirskriftir hennar og þá á skjalinu. Á tilkynningunni væri ekki hans skrift og nafnið þar að auki ranglega stafsett. Nafn B væri ritað sem vottur á undirskrift Y en þann mann hefði hann aldrei séð og sá líklegast aldrei séð sig. Þá væri kennitala þess sem vottaði eftir skjalinu röng. Kvaðst Y að upphaflega hafi staðið til að hann keypti vélina

og að hann hefði í heilt ár gengið á eftir ákærða um að vélin yrði skráð yfir á sig, en það hafi átt að vera upp í skuld. Ákærði hafi ekkert gert í málinu svo Y hafi ákveðið að sleppa þessu. Hann hafi svo komist að þessu eftir að málið hafi verið sent til lögfræðings í innheimtu. Lögfræðingar hans og ákærða hafi mætt á fund en af hálfu ákærða hafi skuld við Y verið mótmælt. Er í lögregluskýrslu haft eftir Y að hann hafi verið með vinnuvélina í láni og á fundinum hafi ákærða verið tilkynnt að henni yrði skilað og að ganga yrði frá skuldinni. Viku síðar hafi ákærði sent sér reikning fyrir vinnuvélinni. Hafi hann þá athugað hjá Vinnueftirlitinu hvort ákærði hefði umskráð vélina og þá séð að ákærði hefði skilað inn tilkynningu með falsaðri undirskrift sinni. Tók Y fram að hann kærði [...] ákærða fyrir að hafa ritað nafn sitt, ákærða fyrir að hafa skilað tilkynningunni inn og nefndan B fyrir að hafa vottað undirskriftina.

Meðal rannsóknargagna máslins er afrit af tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins sem ákæra snýr að en hún fylgdi kæru til lögreglu. Koma fram á henni undirskriftir ákærða og sú sem vefengt er að sé af hendi Y vegna A sem kaupanda að beltagröfunni. Er þar vísað til kaupsamnings 1. desember 2017 og sýnir skjalið undirskriftir votta að undirritunum. Má ætla af skjalinu eins og það liggur fyrir að það hafi verið mótttekið 29. janúar 2018. Meðal rannsóknargagna er umrædd tilkynning einnig að því er virðist í frumriti og með númeri rannsakenda rithanda í Svíþjóð eins og síðar greinir frá.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu þann 11. mars 2020. Hafnaði ákærði því alfarið að um væri að ræða tilhæfulausan reikning eða að umrætt skjal væri með falsaðri undirskrift Y. Kvað ákærði Y hafa óskað eftir að fá að vinna við losun efnis í [...] en þar hafi C verið með verkefni fyrir Vegagerðina. Hafi ákærða og Y samist um að hann myndi losa þetta efni og fengi vélina umræddu upp í sem hluta af greiðslu, sem ákærði kvaðst telja að gengið hefði eftir. Greindi ákærði frá verkinu og að Y hefði fengið vélina afhenta, líklega í júní en einnig unnið með hana annars staðar. Kvað ákærði að ekki hafi verið gengið frá eigendaskiptum að vélinni fyrir en verkinu yrði skilað. Y hafi svo verið greitt eftir framvindureikningum við efnislosunina. Greindi ákærði frá verkfundum og samskiptum meðal annars við Vegagerðina og að Y hefði átt að skila sprengiskýrslum. Skuld C við Y yrði þá greidd með vélinni og peningum. Ákærði bar um að hinn 1. desember 2017, að hann minnti, hafi Y komið [...] og þeir þá ætlað að fara yfir magnið og ganga frá pappírurum vegna vélarinnar. Skýrslur um magn efnis hafi hann komið með sem ekki hafi

verið réttar, en við þetta tækifæri hafi Y kvittað á þessa umræddu sölutilkynningu og fengið varahluti sem vélinni tilheyrðu. Enginn vafi hafi verið á að hann ætlaði að taka vélina. Greindi ákærði einnig frá að Y hafi farið með vélina til að setja upp í aðra vél hjá D, en þar hafi hún staðið í 4-5 vikur. Spurður um hverjir hafi verið viðstaddir þegar umrætt skjal hafi verið undirritað nefndi ákærði þar hafi einnig verið E, en líklega ekki aðrir. B, vottur að skjalinu, hefði ekki verið þarna viðstaddur, þótt vissulega hefði ekki verið rétt að votta undirskriftir eftir á. Spurður um hvort undirskrift Y og ákærða væru þeirra sjálfra svaraði ákærði játandi þótt hann hefði ekki séð blaðið eftir þetta en það sem lögregla væri með hlyti að vera það sama. Spurður um reikning kvað ákærði hann vera með því verði sem talað hefði verið um fyrir vélina og hann að sjálfsögðu gefinn út en væri ógreiddur. Fram kom að ákærði vissi ekki hvar vélin væri en hún væri í vörslu Y. Tók ákærði fram að Y hefði hringt [...] ákærða vegna málsins. [...] ákærða hefði ekki komið að þessu og ekki verið viðstödd. Ákærði kvaðst hafa skilað tilkynningunni um eigendaskiptin en minnti að hafa ekki greitt fyrir enda vandkvæði á að taka við greiðslu. Ákærði kvaðst aðspurður ekki hafa hugmynd um hvort Y væri ritað með [...] enda ekki vanur að rita nafnið.

Þann 14. maí 2020 gaf F skýrslu hjá lögreglu þar sem hún kvaðst ekki hafa ritað nafn Y á umrædda tilkynningu um eigendaskipti. Hún kannaðist við málið og nefndan Y en hefði aldrei hitt hann eða séð og myndi ekki þekkja á götu. Neitaði F alfarið að hafa ritað nafn hans á skjalið. Kvaðst hún ekki vita hvernig þessi tilkynningu um eigendaskipti hefði orðið til. Tók F sérstaklega fram að eftir að kærur hafi farið í gang hafi Y hringt ítrekað í hana [...] hennar. Samþykkti F að gefa sýnishorn af rithönd sinni. Gaf hún skýrslu að nýju hjá lögreglu þann 6. janúar 2022 og kvaðst engu hafa við fyrri framburð að bæta. Var F kynnt niðurstaða rithandarrannsóknar um að hin vefengda undirritun væri hennar, en taldi hún útilokað að svo væri og hún hefði ekki komið að slíkri skjalagerð á þessum tíma.

Y gaf að nýju skýrslu hjá lögreglu 8. maí 2020. Var hann spurður um hvers vegna hann teldi F hafa ritað nafn hans á tilkynninguna byggði hann það á að um kvenmannshönd væri að ræða og nærtækast væri að hún hefði gert það. Spurður um hvort gröfunni hefði verið skilað kvað Y henni hafa verið skilað á þessum fundi sem hann hefði nefnt, ákærða hefði verið sagt hvar hana væri að finna til að geta sótt hana, en hún væri í D. Fundurinn

hefði verið á skrifstofu lögfræðings hans og þar hefðu einnig verið lögfræðingur C og ákærði. Spurður um hvort hann hefði látið þessa gröfu upp í aðra í skiptum hjá D kvaðst hann hafa reynt að selja hana upp í aðra vél en af því hefði ekki orðið. Hann hefði aldrei verið eigandi að vélinni en verið að kanna möguleika á að losna við hana. Taldi Y þetta ekki koma málinu við sem snerist bara um undirskrift á tilkynninguna. Hann hefði ekki sagst eiga hana eins og komið hefði fram af hálfu D. Um hvort hann hefði náð í varahluti á fundinum í desember 2017 hjá C kvaðst hann hafa tekið við tveimur varahlutum. Hvort hann hefði notað umrædda gröfu í vinnu sinni eða fyrirtæki hans eftir að eigendaskiptatilkynningin hafi verið gerð svaraði Y því neitandi, hún stæði á þeim sama stað og þegar ákærða hafi verið tilkynnt um að kaupunum væri rift. Ákærði hefði ekki greitt sína skuld og honum verið tilkynnt að vélin yrði ekki tekin upp í hana. Um viðveru E á sama tíma og þegar Y hafi náð í varahluti spurði Y á móti af hverju hann hefði þá ekki verið vottur að tilkynningunni – hann hefði aðeins verið þarna í augnablik til að opna tölvu og sýna magnútreikninga sem ekki hafi verið hægt að prenta út.

E gaf skýrslu hjá lögreglu 11. mars 2020. Kvaðst hann hafa verið staddur á starfsstöð C þótt hann myndi ekki hvaða dag. Y hafi þá komið til að sækja dót sem fylgdi gröfunni, framrúðu og einhverja varahluti. Ákærði og Y hafi þá útbúið sölutilkynninguna á kaffistofunni og vitnið horft á þá skrifa hana og undirrita. Þeir hafi aðeins verið þarna þrjár. Y hafi á þessum tíma þegar fengið gröfuna afhenta. Gröfuna hefði E ekki séð í einhver ári, en hefði frétt af henni þegar Y hafi ætlað að setja hana upp í nýja vél sem síðan hafi gengið til baka. Kvaðst E vera [...] hjá A og sæi um að gera verkstöðuskrár vegna reikningsgerða en um reikninga sæi hann ekki eða bókhald. Kvaðst E ekki vita hver hefði skilað inn tilkynningunni, aðeins hafa verið viðstaddir þegar hún var gerð, en á þeim tímapunkti hafi enginn ágreiningur verið um að Y hefði keypt gröfuna enda verið að ná í varahluti sem henni tilheyrðu. Síðan hefði hann ekki séð gröfuna. Hann hefði heyrt um að þeir Y og ákærði hefðu samið um að grafan yrði tekin upp í vinnulaun, meðal annars á fundinum þegar þeir hafi skrifað undir. Þá hefði hann heyrt af tilraunum Y að setja gröfuna upp í aðra vél og því væntanlega talið sig eiga hana. Ágreiningur hefði svo verið um magntölur og annað slíkt vegna verksins.

Skýrslur voru teknar af B 5. mars 2020 og aftur 15. september 2023 sem kvaðst hafa skrifað sem vottur á tilkynninguna en mundi ekki hverjir hefðu verið viðstaddir við það

tækifæri. Hefði ákærði líklegast beðið hann að votta. Taldi hann að Y hefði ritað nafn sitt á skjalið en hafði ekkert að segja um frásögn Y um hið gagnstæða. Kvaðst hann raunar ekki vita hvernig Y liti út og minntist ekki að hafa hitt hann. Vissi hann ekki hver hefði skilað tilkynningunni. Kvaðst vitnið hafa verið starfandi hjá B frá 2016 en ætti ekki [...] né hefði hagnast á vottuninni. Kvaðst B hafa frétt hjá ákærða að Y væri enn með vélina en vissi ekki á hvern hún væri skráð. Í seinni skýrslutöku kvað vitnið það geta verið rétt ef ákærði segði hann ekki hafa verið vitstaddan er Y hafi ritað undir tilkynninguna, en hafði ekki um það að segja að Y segði svo ekki hafa verið.

G gaf skýrslu hjá lögreglu 13. september 2023 og kvaðst hafa ritað nafn sitt undir umrætt skjal. Ákærði hefði verið búinn að rita sitt nafn og beðið sig að votta þá undirskrift. Hafi þetta verið á vinnuborði á verkstæði en gat hann ekki sagt um hvenær. Kvaðst G ekki hafa verið viðstaddur undirskrift ákærða, B og Y en ákærði hefði beðið sig að votta undirskrift hans.

H eigandi og framkvæmdastjóri D. gaf einnig skýrslu hjá lögreglu. Greindi hann frá að Y hafi komið til þeirra og viljað kaupa af þeim gröfu, Volvo EC 460. Munnlegur samningur hafi tekist á með þeim um kaupin með því að Y greiddi ákveðna peningaupphæð yfir ákveðið tímabil og hluti af greiðslunni yrði Hyundai 360 beltagrafa í hans eigu. Með hana hafi Y síðan komið sem hluta af greiðslu og tekið Volvo gröfuna í staðinn. Síðan hafi liðið tími, mögulega mánuðir, og þá komið fram að Y væri ekki ánægður með Volvo gröfuna. Hann hafi skilað henni og tekið Hyundai gröfuna með skráningarnúmerinu [...] til baka. Tveir menn a.m.k. hefðu orðið vitni af þessu þá starfsmenn D og annar þeirra séð um viðskiptin. Kvaðst H síðan hafa lagt yfir þau blessun sína og samið endanlega við Y. Þeir hafi á þessum tíma flett gröfunni upp og hún verið skráð á C en Y hafi sagt honum að hann hefði tekið hana af því fyrirtæki sem greiðslu upp í vinnu. Aðeins ætti eftir að skrá hana yfir á A fyrirtæki Y. Kvað H engan vafa hafa verið í sínum huga hver átt hefði gröfuna eða verið með umráð hennar. Alþekkt væri í þessum bransa að eigendaskipti yrðu á vélum en eigendaskipti væru ekki skráð fyrir en síðar. Sama væri um reikningsgerð vegna virðisaukaskatts sem látin væri bíða endanlegs uppgjörs. Þá kvað H, D hafa selt Y varahluti í umrædda vél og þeir unnið í vélinni fyrir hann og rukkað A fyrir, væntanlega á árunum 2016 og 2017. Hafi Y síðar talað við þá um að liðsinna sér við að selja vélina en ekkert hafi orðið af því er hann

minnti. Um kaupin kvaðst H ekki geta farið nákvæmlega með hvenær árs 2017 þeir hafi gert samning en engum vafa væri undirorpið að grafan hefði komið sem greiðsla frá Y upp í aðra.

Meðal rannsóknargagna lögreglu er skýrsla um hvar vélina umræddu væri að finna en þann 12. mars 2020 hefði verið farið um nágrenni D og vélín fundist við [...] rétt við háspennumastur þar og þann 6. maí sama ár hefði hún enn verið þar.

Einnig liggur fyrir álit rannsóknarmiðstöðvar sænskra lögregluþyrvalda (Polismyndigheten - Nationellt forensiskt centrum – NFC) á rithandarsýnum og umræddri tilkynningu sem móttækin var af Vinnueftirliti ríkisins 29. janúar 2018. Er álitnið látið í té að beiðni Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og er dagsett 28. september 2021. Í álitinu er greint frá aðferðum rannsóknarinnar en tilkynningin margnefnda er þar nefnd og þrjú rithandarsýnishorn þeirra Y, F og ákærða auk annarra gagna. Samanburður á rithandarsýnishorni Y og hinni vefengdu undirskrift er sagður leiða í ljós að líkindi með þeim séu engin. Samanburður á vefengdu undirskriftinni og rithönd ákærða leiði ekki í ljós líkindi og séu þar mikil frávik, t.d. stafastærð, hlutföll, strikagæði, hvar penna er lyft upp, pennaprýsting, tengingu stafa, staðsetningu skriftar og form bókstafa. Telst ólíklegra að hin vefengda undirskrift sé ákærða. Rithandarsýnishorn F borið saman við hina vefengdu undirskrift leiði í ljós líkindi um hlutföll skriftar, tenginga milli stafa, staðsetningu skriftar, hvernig [...] og tiltekin stafaform. Ekki sé að sjá frávik sem hafi þýðingu. Er niðurstaðan um þann þátt að mörg líkindi sjáist en engin frávik sem hafi þýðingu. Sé þess vegna ólíklegra að fá þá niðurstöðu ef undirskriftin sé gerð af einhverjum öðrum.

Eru niðurstöður rannsóknarinnar ytra eindregið sagðar benda til þess að vefengda undirskriftin „Y“ sé ekki gerð af Y eigin hendi (stig -3). Þá bendi þær eindregið til þess að vefengda undirskriftin „Y“ sé ekki gerð af ákærða (stig -3). Segir einnig að niðurstöðurnar bendi til þess að vefengda undirskriftin sé gerð af F (stig +2). Er svokallaður skali rannsóknarinnar þar sem vísað er til kvarða í svigum skýrður í henni.

Fleiri gögn liggja fyrir í málinu, meðal annars dómur Landsréttar 23. október 2020 í málinu nr. xxx/2019 og hinn áfrýjaði dómur Héraðsdóms Suðurlands frá 17. apríl 2019.

Liggja einnig fyrir málflutnings skjöl nokkur úr þessum málaferlum A og C. Verður eftir atvikum getið um þýðingu þessara gagna síðar.

III.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi. Þá komu fyrir dóm og gáfu skýrslu I, Y, B, E, F og H. Verður gerð grein fyrir framburðum eftir því sem þýðingu hefur að mati dómsins.

Ákærði kvað hann og Y hafa mælt sér mót til að ganga frá eigendaskiptum að vélinni og fara yfir magn vegna sprengivinnu en fundur þeirra hafi verið í starfsstöð fyrirtækis ákærða. Þeir tveir hafi verið á fundinum ásamt E sem skráð hafi upplýsingar inn á skjalið í tölvu og prentað út. Rætt hafi verið um sprengiskýrslur sem Y hafi komið með, rætt um einhverja varahluti í vélina og síðan skrifað undir umrætt skjal. Ákærði hafi skrifað undir sem seljandi vélarinnar og Y sem kaupandi. Þeir sem vottu undirskriftir skjalsins hafi ekki verið viðstaddir, en skrifað undir það síðar er ákærði hafi farið með það og skilað því inn. Kvaðst ákærði hafa skilað tilkynningunni til Vinnueftirlitsins [...] í janúarmánuði 2018. Kvað ákærði ekki hafa skýringar á hvers vegna E hefði ekki vottað undirskriftir en það hafi ekki komið til tals á fundinum. Aðspurður kvað ákærði F ekki hafa komið að þessu máli eða hafa ritað á skjalið. Hefði ákærði horft á Y skrifa undir skjalið. Ákærði lýsti viðskiptum þeirra Y við uppbyggingu á [...] árið 2016 en fyrirtæki þess síðarnefnda, A hefði tekið að sér sprengivinnu. Samist hefði um að greiðsla fyrir það verk yrði að hluta með Hyundai vélinni. Taldi ákærði sig muna að umsamið verð fyrir vélina væri 7 til 8 milljónir króna, en Y hefði tekið vélina sem þannig hafi átt að vera hluti af endanlegu uppgjöri. Y hefði aðeins skilað inn hluta af skýrslum vegna sprenginga þótt eftir því væri gengið og þær hefðu ekki borist fyrr en á nefndum fundi. Kvað ákærði Y hafa verið með vélina allan tímann og engar athugasemdir gert við ástand hennar, heldur ekki á fundinum í desember 2017 og ekki nefnt þá að hann vildi skila henni. Hafi ákærði fyrst heyrt um að hann vildi skila henni á fundi sem þeir hefðu átt með lögfræðingum sínum líklegast 18. janúar 2018 að hann minnti. Hafi Y þá ekki getað sagt til um hvar vélin væri. Ákærði staðfesti afrit af tilkynningunni sem fyrir liggur í málinu, skýrslugjöf sína hjá lögreglu og rithandarsýni er hann gaf við rannsókn lögreglu.

Fyrir dómi kvaðst Y fund hans og ákærða í desember 2017 hafa komið til vegna uppgjors sem vitnið hefði verið búinn að reka á eftir. Ákærði hafi aðeins getað sýnt honum

upplýsingar um magn efnis úr sprengingum á tölvu en ekki getað sent sér það eða prentað út. Staðfesti vitnið að upphaflega hefði staðið til að keypt yrði vinnuvél ef hún stæðist væntingar en þegar á hafi reynt hafi svo ekki verið. Hann hafi varið rúmum 4 milljónum króna í varahluti meðan hann hafi verið með vélina. Kvað vitnið þarna vera átt við Hyundai vélina. Spurður um hvort til hefði staðið að klára uppgjör og eigendaskipti á þessum fundi kvað vitnið það hafa verið háð því ef þeir næðu saman um kaupin en vélin hafi ekki staðist kröfur og þess vegna hafi uppgjör á magni efnis ekki farið í kaup á vélinni. Staðfesti vitnið að á þessum fundi hafi auk þess verið ákærði og E, en hann hefði ekki útbúið tilkynningu um eigendaskipti á þessum fundi og ekki prentað út skjöl. Kvaðst Y ekki hafa ritað undir tilkynningu um eigendaskipti á þessum fundi. Kvað hann ekki vera undirskrift sína á skjalinu er það var borið undir hann og staðfesti sýnishorn af rithönd sinni sem hann lét lögreglu í té. Ekki hefði verið rætt um vélina á þessum fundi enda umræðan ekki náð svo langt enda mikið borið í milli um magn efnis sem rætt var um. Um hvort hann hefði tekið varahluti með sér kannaðist hann ekki við það eða mundi ekki. Spurður um hversu lengi vitnið hafi verið með vélina í umráðum kvað hann það e.t.v. hafa náð rúmu ári að hann minnti. Hann hefði greitt fyrir varahluti í vélina og einnig boðið að taka vélina á leigu og þá að frádregnum kostnaði við varahlutina. Nánar spurður um þessi atriði kvað Y hafa fengið vélina afhenta um einum til tveimur mánuðum eftir að hann hóf verkið eða í júlí 2016. Hann hafi notað vélina í þágu A meðan hann hafði vörslur hennar, einnig gert við hana og boðist til að greiða leigu að frádregnum viðgerðarkostnaði. Kvaðst hann trúlegast hafa keypt varahluti í D og annars staðar en gert við hana sjálfur. Spurður um af hverju ekki hefði verið gengið frá eigendaskiptum á vélinni þegar hún hafi verið afhent í júlí 2016 gat Y ekki svarað en talað hefði verið um að hann prófaði hana. Aðspurður hefði hann ekki leitað eftir að fá vélina umskráða heldur frekar eftir því að málið yrði gert upp. Um framburð hjá lögreglu um að hann hafi gengið á eftir því í heilt ár að fá vélina skráða á sig kvað Y það rétt en það hefði átt að vera samkvæmt uppgjöri – það og kaupin á vélinni hefði átt að haldast í hendur. Þessu hefði hann leitað eftir með símtölum nokkrum sinnum. Viðbrögð ákærða hefðu orðið þau að þetta yrði gert fljótlega. Svaraði vitnið þó játandi að ítrekað hefði verið kallað eftir sprengiskýrslum frá sér og nefndi E í því sambandi en þeim hefði verið skilað löngu seinna eða 2017 eða 2018. Y kvaðst aðspurður um reikninga að hann hefði sent tvo og fengið greidda en svo ekki söguna meir. Hann hefði verið að vinna verkið og allt verið komið í óefni. Kvaðst hann hafa tekið við vélinni og gert ráð fyrir að hann væri að vinna

fyrir henni samkvæmt samkomulagi þeirra ef hún stæðist lýsingar. Vélin hafi átt að vera fin en reynst alger drusla og handónýt. Hann hefði lítið notað hana vegna sífelldra bilana. Nánar um hvenær hefði verið rætt um að reynt yrði að setja vélina upp í aðra það hafa verið hugsanlega 2017, en ekki eftir fundinn í desember það ár eftir því sem hann minnti. Nánar spurður um hvort rætt hefði verið um að taka vélina upp í vinnu kvað vitnið svo hafa verið ef um semdist og það verið rætt áður en hann byrjaði á verkinu. Hvort hann hefði borið kaup á varahlutum undir ákærða kvað vitnið ekki hafa gert en nefnt það í einhverjum símtölum að hafa keypt þá. Hann hefði engu svarað um greiðslu á leigu að frádregnum kostnaði við varahluti ef ekki um semdist.

Spurður um hvort til greina hefði komið að skipta vélinni upp í aðra kvaðst Y það hafa komið til umræðu við D en í þeim tilgangi að kanna hvaða verð fengist fyrir hana enda hefði fyrra verðmat ekki staðist. Á þeim tíma hefði C verið skráður eigandi vélarinnar. Nefndi vitnið að lögmaður hans hafi sent innheimtubréf og tilkynnt að ekki stæði til að semja um þessa vél en nokkrum dögum síðar hafi borist reikningur fyrir vélinni. Vitnið hafi þá farið í Vinnueftirlitið til á gá að á hvern vélin væri skráð og þá hafi hún verið komin á nafn A. Vitnið hafi óskað eftir tilkynningunni og fengið, en þá séð nafn sitt ritað og með stafsetningarvillum. Þetta hafi verið í fyrsta sinn sem vitnið hafi séð tilkynninguna – sem það hafi ekki séð á fundinum 2017. Hafi vitnið átt orðastað við forstjóra stofnunarinnar og sýnt honum undirskriftir sínar á önnur gögn. Forstjórinn hafi haft samband við útibúið [...] og honum tjáð að ákærði hefði afhent skoðunarmanni [...] skjalið og sá tekið það með sér [...] þótt ekki væri búið að greiða gjöld. Y kvaðst ekki kannast við þá sem ritað hefðu sem vottar á skjalið, en hann hefði hringt í annan þeirra sem aldrei kvaðst hafa hefði séð sig. Spurður um hvenær hann hefði farið í Vinnueftirlitið og séð tilkynninguna kvaðst vitnið ekki muna en það hafi verið nokkrum dögum eftir að innheimtubréf hafi verið sent af hans hálfu. Aðspurður kvaðst Y hafa verið í samskiptum við nafngreindan mann um hvort taka mætti vélina umræddu upp í aðra.

I gaf skýrslu í fjarfundi fyrir dómi þar sem hún staðfesti að hafa komið að rannsókn þeirri á rithandarsýnum sem fyrir liggur í málinu. Lýsti hún í meginatriðum aðferðum við rannsóknina og hvernig rannsakendur stóðu að henni sitt í hvoru lagi. Kvað I rannsóknina staðfesta að ekki væri öruggt að Y hefði ritað undir skjalið sem til rannsóknar var. Þá skýrði I einnig kvarða þá sem vísað er til í niðurstöðum um einstök rithandarsýnishorn.

B kom fyrir dóm og kvaðst hafa ritað undir sem vottur á eigendaskipti á vinnuvél en lítið muna eftir því, það hefði þó verið árið 2017 að hann minnti. Mundi hann ekki hverjir hefðu verið viðstaddir er hann skrifaði nafn sitt eða hvort hann hefði séð einhverja aðra skrifa undir skjalið. Kannaðist hann við undirritun sína á nefndri tilkynningu.

E kvaðst fyrir dómi hafa verið verkstjóri hjá C síðan árið 2007. Kannaðist hann við að hafa verið viðstaddur á starfsstöð fyrirtækisins í desember 2017 á fundi, en þá hafi Y komið til að ná í dót sem tilheyrði gröfu sem hann hefði tekið upp í vinnu. Mundi hann eftir framrúðu og varahlutum, síum og öðru. Skrifað hefði verið undir sölutilkynningu á þessum fundi og taldi E næsta öruggt að hann hefði útbúið tilkynninguna um eigendaskiptin með því að fara inn á vef Samgöngustofu, fyllt út eyðublað og prentað út. Ákærði og Y hafi síðan ritað undir, en ekki aðrir í það sinn og þeir hefðu aðeins verið þarna þrír. Aðspurður gat E ekki svarað til um af hverju hann hefði ekki vottað undirskriftir en það hefði ekki komið til umræðu. Hann hefði ekki séð þetta skjal eftir fundinn en kvaðst halda að ákærði hefði skilað því til Vinnueftirlitsins án þess að vita hvenær. E kvaðst kannast við að samið hefði verið um að A tæki vélina upp í vinnu vegna sprenginga. Vélin hefði ekki verið afhent strax en meðan unnið hafi verið í námunni. Eftir að verkinu hafi verið lokið hafi hann farið með sitt dót og þar með þessa vél. Varðandi sprengiskýrslur kvað vitnið þeim hafa verið skilað að hluta á verktíma en síðan löngu síðar. Hann hefði gengið eftir að fá þær enda Vegagerðin þurft þær einnig. Y hafi sagt þær á leiðinni en líklegast ári síðar hafi þær borist sennilegast þó ekki á fundinum 2017. E kvaðst ekki hafa heyrt kvartað yfir ástandi vélarinnar eða að henni yrði skilað. Mundi vitnið ekki eftir að borist hefði í tal að vélin yrði umskráð fyrir en hann hefði komið til að ná í hluti sem vélinni fylgdu og skrifað hafi verið undir þessa sölutilkynningu. Minntist vitnið þess ekki að rætt hefði verið um uppgjör fyrir verkið á nefndum fundi. Þeir hafi verið þarna þrír, dót tínt til og síðan gengið frá þessum pappír. Mundi E ekki til þess að hann hefði verið að sýna eitthvað varðandi magntölur vegna verksins. Fullyrti E aðspurður að hann hefði horft á þá skrifa undir skjalið sem hann hefði prentað út.

F kvaðst ekkert vita hvernig umrædd tilkynning hefði orðið til og hefði ekki verið á fundi í starfsstöð C í desember 2017. Hún ætti fyrirtækið með ákærða og hefði fært bókhald á

Þessum tíma en verið í annarri vinnu. Kvaðst vitnið ekki hafa ritað nafn sitt á tilkynninguna, sem undir hana var borin, og aldrei séð hana fyrr en sér hefði verið sýnd hún af lögreglumanni. Hún hefði ekki ritað undir skjöl fyrir fyrirtækið. Kannaðist vitnið við smáskilaboð frá Y og að hafa fengið frá honum símtöl sem hún hefði haft ónæði af. Vitið kvaðst ekki vilja tjá sig um rannsókn á rithandarsýnum en staðfesti að hafa gefið rithandarsýni.

H, eigandi og framkvæmdastjóri D staðfesti fyrir dómi viðskipti sín við Y. Hann hefði átt beltagröfu af gerðinni Volvo 460 sem Y hafi viljað kaupa af sér og greiða fyrir að hluta með gröfu af gerðinni Hyundai 360. Þetta hafi verið á árunum 2016 eða 2017. Þeir hafi gert munnlegt samkomulag um að Y myndi fá vélina af sér og greiða fyrir með Hyundai vélinni. Síðan hafi komið upp vandamál með Volvo vélina og ekki orðið af viðskiptunum. Volvo vélin hafi ekki komist í gang og Hyundai vélin verið tekin til baka. Spurður um hvort útbúnað hefðu verið eigendaskiptatilkynningar vegna þessara viðskipta taldi vitnið sig muna að beðið hefði verið eftir eigendaskiptum af C yfir á Y sem hann hefði verið að brasa í. Vélina hefði þá verið skráð á C og Y svarað því til að hann væri búinn að kaupa hana eða fengið sem greiðslu og eftir væri að ganga frá eigendaskiptum áður en henni yrði skipt til sín. Svo hafi viðskiptin ekki náð lengra. Kvaðst vitnið ekki hafa átt samskipti við C vegna þessara viðskipta enda því félagi óviðkomandi. Kvað H ekkert farið á milli mála að Y teldi sig eiga vélina. Hvort keyptir hefðu verið varahlutir í hana taldi hann ekki ósennilegt. Kvað vitnið aðspurt að það hefði verið formsatriði að vélina yrði skráð yfir á A eða Y og þannig hefði það verið kynnt. Hann hefði komið með vélina sem eigandi hennar og það ekki farið á milli mála þótt stundum væri gengið frá eigendaskiptum eftir á í þessum vinnuvélaheimi. Vitnið taldi sig ekki muna svo löngu síðar hvort Y hefði óskað eftir liðsinni við sölu Hyundai vélarinnar eftir að viðskiptin með Volvo vélina gengu til baka.

IV.

Í málinu er ákærða gefið að sök að hafa hinn 29. janúar 2018 afhent Vinnueftirlitinu skriflega tilkynningu um eigendaskipti vinnuvélarinnar [...] með falsaðri undirskrift Y og þannig notað hið falsaða skjal til þess að blekkja í lögskiptum. Samkvæmt ákæru er brotið talið varða við 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur frá upphafi neitað sök og kveður Y hafa ritað undir skjalið sem tilkynninguna hafði að geyma að sér viðstöddum ásamt E. Hefur E borið um fyrir dómi að hann hafi horft á ákærða og Y rita undir skjalið.

Fallast verður á að fyrirliggjandi rannsókn sænsku lögreglunnar á rithönd Y og undirritun á tilkynningu um eigendaskipti á beltagröfunni Hyundai 360 til Vinnueftirlits ríkisins leiði í ljós að hverfandi líkindi séu með þeim miðað við rithandarsýnishorn sem hann gaf. Könnun rannsakenda þar ytra beindist að rithandarsýnishornum hans, ákærða og [...], F. Ástæður þess að rannsóknin ytra beindist sérstaklega að F virðast ekki hafa verið aðrar en þær að Y taldi hana hafa ritað nafn sitt. Ákærði ásamt F og Y veittu lögreglu rithandarsýnishorn sem rannsökuð voru í Svíþjóð. Þá lágu einnig fyrir þar rithandarsýnishorn hinna tveggja fyrrnefndu af öðrum tilefnum eða í tengslum við ökuréttindi þeirra. Í rithandarrannsókninni er getið um rithandarsýnishorn sem Y gaf og undirskriftir hans á mætingarskýrslu og undir uppritun skýrslu sem hann gaf hjá lögreglu. Hins vegar virðist ekki hafa legið fyrir undirskriftir Y af öðrum tilefnum, ótengdum rannsókninni. Liggur þó fyrir undirskrift Y á verkbeiðni til lögmanns fyrir hönd C sem fylgiskjal kæru til lögreglu en ekki verður séð að það sé meðal gagna sem send voru til Svíþjóðar til rannsóknar. Að mati dómsins rýrir þetta að einhverju leyti gildi rannsóknarinnar þótt fallast megi á að afar litlar eða engar líkur séu á að vefengda undirskriftin á skjalinu umrædda sé Y.

Að mati dómsins er framburður ákærða og E ekki trúverðugur gegn eindreginni neitun Y um að hann hafi ritað nafn sitt á tilkynninguna. Er þá við nefnda rithandarrannsókn að styðjast og það að upplýst er að sá sem ritaði undir sem vottur að undirskrift af hálfu kaupanda gerði það ekki að Y viðstöddum á nefndum fundi í desember 2017. Verður að telja sannað að ákærði hafi vitað að undirskrift Y væri ekki með hans hendi við svo búið en ákærði hefur viðurkennt að hafa komið tilkynningunni um eigendaskipti að vélinni áleiðis til Vinnueftirlitsins.

Í áðurnefndum dómi Landréttar frá 23. október 2020 málinu nr. xxx/2019 var til endurskoðunar dómur Héraðsdóms Suðurlands frá 17. apríl sama ár í málinu nr. E-xxx/2018, en í því máli voru til úrlausnar kröfur A gegn C vegna uppgjörs fyrir framkvæmdir við lagningu [...] frá maí til júlí 2016, en fyrrnefnda fyrirtækið var

undirverktaki þess síðarnefnda. Var deilt um efnismagn og hvort beltagrafan umrædda gengi upp í greiðslu. Í dómi Landsréttar var fallist á gagnkröfu C að fjárhæð 9.424.000 krónur með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms en krafa sú nam verðmæti beltagröfunnar ásamt virðisaukaskatti. Verður af gögnum máls þess sem hér er til úrlausnar ráðið að eigendaskiptatilkynning, dags. 1. desember 2017, hafi verið meðal málsgagna og að byggt hafi verið á henni af hálfu C. fyrir dómi ásamt öðru. Á hinn bóginn verður ekki séð af forsendum héraðsdómsins sem Landsréttur vísaði til að þar hafi tilkynning sú ráðið úrslitum og er þar ekki til hennar vísað. Var niðurstaða héraðsdóms á því reist að skriflegur samningur væri ekki um kaup á beltagröfunni en óumdeilt væri að A hefði fengið hana afhenta í byrjun júlí 2016 og viðurkennt af félagsins hálfu að grafan hefði verið tekin til afnota í einhvern tíma. Væru ekki komnar fram sönnur um slakt ástand vélarinnar og fallist á með C. að samningur hefði komist á með aðilum að þessu leyti. Ósannað væri þó að samist hefði um hærra kaupverð en 7.600.000 krónur án virðisaukaskatts. Þótt fallist hafi verið á málatilbúnað C að þessu leyti með því að fallast á gagnkröfu er ljóst að niðurstaðan byggði á því að beltagrafan hefði verið hluti af greiðslu félagsins og að krafa A skyldi lækka sem verðmæti hennar nam.

Þótt ekki verði ráðið af framangreindum forsendum hvort eigendaskiptatilkynningin hafi haft sérstaka þýðingu við sönnunarmat héraðsdóms og Landsréttar er niðurstaðan byggð á því að komist hafi á samningur um kaup á vélinni að öllum líkindum um mitt ár 2016. Það fær einnig stoð í gögnum þessa máls, meðal annars því að Y kveðst hafa keypt í hana varahluti fyrir um 4 milljónir króna og leitað eftir að skipta henni upp í aðra vél eins og staðfest hefur verið af framkvæmdastjóra D við rannsókn málsins og fyrir dómi. Þá liggur fyrir að Y óskaði lengi vel eftir því að vélin yrði umskráð á fyrirtæki sitt og engin sönnun heldur komin fram um að ástand vélarinnar við kaupin hafi verið þannig að gengju á þeim forsendum með riftun. Kom einnig fram í skýrslu Y hjá lögreglu að hann hefði tekið við varahlutum í vélina á fundinum í desember 2017, en þá var vinnu A fyrir C löngu lokið.

Ekki hafa verið leiddar fram sönnur á að kaupunum hafi í reynd verið rift eða þau gengið til baka. Þá var verðmæti vélarinnar ákveðið eins og dómur Landsréttar er til vitnis um og uppgjör félaganna vegna framkvæmdanna að öðru leyti við lagningu [...] gat í sjálfu sér ekki hrundið þeim kaupum eða kaupverði.

Af framangreindu virtu verður að telja sannað að kaup hafi tekist með A og C. á beltagröfunni umræddu með því að fyrrnefnda félagið tók hana upp í greiðslu fyrir verk. Verður þannig ekki séð að tilurð tilkynningar um eigendaskipti til Vinnueftirlits eða framvísun hennar til stofnunarinnar hafi ráðið úrslitum þar um í fyrrnefndu dómsmáli eða geri það í máli þessu. Breytir ekki að mati dómsins þótt það muni hafa komið til tals að vélinni yrði skilað á fundi í janúar 2018 og ákærði hafi komið tilkynningunni til Vinnueftirlits eftir þann fund. Þá höfðu kaupin gengið um garð þrátt fyrir þau mótmæli við tilkynningunni sem komið var á framfæri í bréfum lögmanns A til lögmanns C og til Vinnueftirlitsins frá 11. apríl sama ár, meðal annars með kröfum um að eigendaskráning yrði færð í fyrra horf.

Í greinargerð með frumvarpi sem síðar varð að almennum hegningarlögum nr. 19/1940 segir um 155. gr.: „*Falsað er skjal þegar það, með því efni, sem það hefir, stafar ekki frá þeim manni, sem það gefur sjálft til kynna, að það sé frá. eða vitað er um, að það á að stafa frá. Brotið er ekki fullframið, þegar fölsun hefir verið framkvæmd, heldur þá fyrst, er skjalið hefir verið notað í blekkingarskyni. Hinsvegar er ekki skilvrði, að nokkur hafi blekkzt vegna fölsunarinnar. Auðgunartilgangur þarf ekki að vera fyrir hendi, og ekki heldur sá ásetningur að baka öðrum tjón, sbr. 2. mgr.*“

Samkvæmt þessu er brot fullframið við þær aðstæður að skjal er notað í blekkingarskyni af þeim sem veit að það stafar ekki frá þeim manni sem það gefur sjálft til kynna. Þarf ásetningur ekki að ná til auðgunar eða til að baka öðrum tjón. Hins vegar telur dómurinn að sanna verði að ásetningur í skilningi 18. gr. almennra hegningarlaga þurfi að ná til þess að blekkja í lögskiptum þannig að skjal sem falsað er með undirskrift eða að efni lýsi lögskiptum á annan veg en raun ber vitni um og veki þannig ranga hugmynd viðtakanda.

Í ákæru er ákærði ekki borinn sökum um að hafa afhent tilkynninguna til annarra en Vinnueftirlits og þannig notað skjalið til að blekkja með því í lögskiptum. Tekur ákæran ekki til þess að hann hafi lagt skjalið fram í dómi.

Almenn tilhögun er sú að við eigendaskipti að ökutæki og vinnuvél skulu fyrri og nýi eigandinn innan 7 daga senda viðkomandi stofnun tilkynningu um þau, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 751/2003 um skráningu ökutækja, sbr. nú breytingu þá sem varð með reglugerð nr. 1515/2020, sem sett er á grundvelli umferðarlaga, nú nr. 77/2019. Samkvæmt reglum nr. 388/1989 um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla er mælt fyrir um að verði eigendaskipti að skráðri farandvinnuvél eða vinnuvél skulu bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tilkynna það Vinnueftirliti ríkisins. Eru ákvæði þessi augljóslega byggð á því að tilkynna skuli eigendaskipti sem þegar hafi farið fram með löggerningi og verður að ætla að seljandi geti knúið fram í stjórnslumáli umskráningu þótt kaupandi neiti að skrifa undir þrátt fyrir raunveruleg kaup.

Þótt einhver réttaráhrif kunni að vera bundin við tilkynningu og síðan skráningu á eigendaskiptum að tækjum eins og hér um ræðir er óhjákvæmilegt að taka afstöðu til þess hvort umrætt skjal fól í sér önnur lögskipti en þau sem raunverulega lágu því að baki samkvæmt efni þess og upplýst er um í máli þessu. Verður ekki annað séð en að efni tilkynningarinnar um eigendaskipti endurspeglar í meginatriðum þau lögskipti sem sannað er að hafi í reynd átt sér stað milli félaga þeirra sem ákærði Y voru í forsvari fyrir þrátt fyrir að þar sé vísað sé til 1. desember 2017 sem dagsetningu kaupsamnings. Verður heldur ekki séð að gildi þeirra lögskipta um kaup á vélinni hafi verið háð tilkynningunni og umskráningar á grundvelli hennar en tilgangur tilkynningar um eigendaskipti er fyrst og fremst sá að þau séu skráð á grundvelli löggernings sem þeim liggur til grundvallar sem fyrr segir. Með vísan til þessa alls skilur sakarefnið hér sig frá þeirri sakfellingu sem staðfest var með dómi Landsréttar 29. janúar 2021 í málinu nr. xxx/2019.

Samkvæmt öllu framansögðu er það mat dómsins að ekki hafi tekist sönnun um að ákærði hafi raunverulega haft ásetning til að blekkja í lögskiptum og vekja ranga hugmynd um efni þeirra með því að skila inn umræddri tilkynningu um eigendaskipti að Hyundai beltagröfunni umræddu. Ber því með vísan til 108. gr. laga nr. 88/2008 að sýkna ákærða af kröfum ákærvalds í málinu.

Samkvæmt framansögðu greiðist allur sakarkostnaður úr ríkissjóði, þ.m.t. var málsvarnarlaun Björns Jóhannessonar, lögmanns og skipaðs verjanda ákærða sem hæfilega eru ákveðin 1.540.080 krónur og hefur þá verið tekið tillit virðisaukaskatts.

Einar Karl Hallvarðsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun Björns Jóhannessonar, lögmanns og skipaðs verjanda ákærða, 1.540.080 krónur.

Einar Karl Hallvarðsson